



Gátlisti um aðgengismál á viðburðum innanhúss

Meðfylgjandi er gátlisti í tveimur hlutum sem varðar aðgengismál á viðburðum innanhúss. Gerð gátlistans er hluti af aðgerð 3.2. í aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2022 - 2030.

Óskað er eftir að aðgengis- og samráðsnefnd samþykki gátlistann.

Virðingarfyllt,
Tómas Ingi Adólfsson
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Gátlisti um aðgengismál á viðburðum innanhúss á vegum Reykjavíkurborgar



Gátlisti um aðgengismál fyrir viðburði innanhúss

1. hluti: Við val á viðburðastað

	Já	Nei	Á ekki við / útskýring
Er bílastæði nálægt inngangi fyrir handhafa stæðiskorta fyrir fólk með hreyfihömlun?			
Er gott aðgengi frá almenningssamgöngum að viðburðastað?			
Hvernig er sjónrænt aðgengi við inngang? (er greinilegt hvar inngangur er staðsettur?)			
Er hindrunarlaust aðgengi inn í húsnæðið fyrir hjólastólanotendur?			
Er aðgengilegt salerni í húsnæðinu fyrir hjólastólanotendur?			
Ef húsnæðið er á fleiri en einni hæð, eru rampar eða lyfta á milli hæða?			
Eru tröppunef í stigum í aðgreinandi lit? (Hægt er að setja límband á tröppunef til að leysa þetta)			
Er ræðupúlt í hæð sem hentar hjólastólanotendum?			
Er góð hljóðvist á staðnum?			
Er góð lýsing innanhúss?			
Er svæði á staðnum þar sem hægt er að komast í næði?			
Er tæknibúnaður til staðar svo hægt sé að setja rittúlkun upp á skjá?			

Athugið að listinn er ekki tæmandi

Mikilvægt er að sýna fjölbreyttum aðgengisþörfum skilning og að gera sitt besta til að koma til móts við þær.

Ef þú ert með ábendingar eða fyrirspurnir varðandi þennan gátlista, hafðu samband: adgengi@reykjavik.is



Gátlisti um aðgengismál fyrir viðburði innanhúss

2. hluti: Við framkvæmd viðburðar

	Já	Nei	Á ekki við / útskýring
Er búið að upplýsa um staðsetningu bílastæða fyrir handhafa stæðiskorta fyrir fólk með hreyfihömlun?			
Er búið að upplýsa um hvernig fólk kemst með almenningssamgöngum á staðinn?			
Er búið að upplýsa um hvernig helstu aðgengismálum sé háttað á viðburðastað?			
Er búið að tryggja að upplýsingar um staðsetningu á aðgengilegu salerni séu sýnilegar gestum?			
Eru upplýsingar um viðburðinn settar fram á einföldu máli?			
Er búið að merkja tröppunef í aðgreinandi lit, t.d. með límbandi, ef þörf er á?			
Er búið að raða upp í sal með þeim hætti að hjólastólanotendur geti komist um svæðið?			
Er búið að kanna hvort þörf sé á rittúlkun eða táknmálstúlkun?			
Ef já við spurningunni að ofan – er búið að bóka túlka?			
Ef já við rittúlkun - er búið að tryggja að tæknibúnaður virki vegna rittúlkunar?			
Er búið að taka fram hvernig hægt sé að hafa samband við viðburðahaldara, t.d. vegna fyrirspurna um aðgengismál?			

Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Mikilvægt er að sýna fjölbreyttum aðgengisþörfum skilning og að gera sitt besta til að koma til móts við þær.

Ef þú ert með ábendingar eða fyrirspurnir varðandi þennan gátlista, hafðu samband: adgengi@reykjavik.is